



Menningarstefna

Menntaskólans á Tröllaskaga

Menning og listir eru einn af grunnþáttum hvers samfélags. Fjölbreytt menningarlíf er þáttur í almenntri velsæld samfélagsins og stuðlar að jöfnuði. Þátttaka í menningarlífi veitir lífsfyllingu og hvetur til jákvæðra samskipta hópa og kynslóða. Skilningur á menningarsögu þjóðarinnar er ein af forsendum fyrir virkri þátttöku í samfélaginu og er mikilvægur hluti af sjálfsmynd hvers og eins og menningarlífið er lykilþáttur í uppbyggingu ferðaþjónustu. Stefnan byggir á þingsályktunartillögu Alþingis um menningarmál, sjá heimild.

Menningarlæsi og menningarþátttaka eru veigamikil atriði í uppveftri barna og unglunga. Aðgengi þeirra að menningu eykur þeim víðsýni og umburðarlyndi, og þátttaka í menningarstarfi eykur vitund um lýðræði, réttlæti og sögulegt samhengi. Þannig er líklegt að þroski og færni borgaranna til samfélagslegrar þátttöku eflist.

Mennta- og menningarstofnanir eru lykilaðilar í að skapa vettvang og tækifæri fyrir íbúa hvers samfélags til að taka þátt í og njóta listsköpunar.

Markmið:

Með tilliti til þess sem kemur fram hér að ofan hefur Menntaskólinn á Tröllaskaga sett sér menningarstefnu. Markmið hennar eru að skapa í skólanum sem best skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviðum lista og menningararfs.

Þessum markmiðum verður náð með því að:

- listfræðsla og listkennsla verði ríkur þáttur í skólastarfinu
- hvetja til virkrar þátttöku, sköpunar og frumkvæðis nemenda í samræmi við aukna áherslu á gagnrýna hugsun, sköpun og umburðarlyndi
- hafa virk tengsl við menningarstofnanir og aðra þá sem eru að vinna að listum og menningararfi
- leggja áherslu á samstarf við starfandi listamenn, innlenda sem erlenda
- gera nemendum kleift að njóta lista, örva sköpun og gagnrýna hugsun
- stuðla að virkri þátttöku og sköpun nemenda í gegnum netið
- leggja áherslu á upplýsinga- og miðlalæsi

Leiðir að markmiðum

Listfræðsla og listkennsla verði ríkur þáttur í skólastarfinu

- Boðið sé upp á listnámsbraut þar sem lögð er áhersla á fagurlistir, listljósmyndun og tónlist

STEFNUSKJAL

Menningarstefna Menntaskólans á Tröllaskaga

- Nemendur geti tvinnað listir inn í viðfangsefni sín í sem flestum námsáföngum skólans
- Lögð áhersla á að auðga nærumhverfi skólans með starfsemi skólans á listasviðinu sem og að nýta nærumhverfið við listsköpun

Hvetja til virkrar þátttöku, sköpunar og frumkvæðis nemenda í samræmi við aukna áherslu á gagnrýna hugsun, sköpun og umburðarlyndi

- Frumkvöðlafræði sé kjarnanámsgrein skólans
- Inngangur að listum sé kjarnanámsgrein skólans
- Nemendur hvattir til frumkvæðis og sköpunar í lausnum viðfangsefna og það komi fram í námsmati hvers áfanga eftir því sem tök eru á
- Starfsmenn hvattir til frumkvæðis og sköpunar í kennsluaðferðum, gerð verkefna og námsmati
- Hlúð verði að fjölmenningu á fjölbreyttan hátt, til dæmis með gestaheimsóknum, samstarfsverkefnum og skoðunarferðum.
- Starfsmenn hvattir til þátttöku í skapandi greinum í umhverfi sínu og njóti velvilja við eigin listsköpun
- Nemendur studdir til að þróa gagnrýna hugsun og að geta gagnrýnt skoðanir annarra á uppbyggilegan hátt
- Standa fyrir opinberri sýningu á hverri önn sem sýnir sköpun og frumkvæði nemenda
- Leitast við að nemendur tileinki sér frumkvæði og skapandi nálgun viðfangsefna í takti við einkunnarorð skólans

Hafa virk tengsl við menningarstofnanir og aðra þá sem eru að vinna að listum og menningararfi

- Gera virka samstarfssamninga við menningarstofnanir og aðra eftir því sem við á
- Miðla starfsemi skólans til menningarstofnana og annarra eftir því sem við á

Leggja áherslu á samstarf við starfandi listamenn, innlenda sem erlenda

- Gera listamönnum kleift að koma í skólann, kynna list sína og vinna með kennurum og nemendum
- Greiða fyrir heimsóknum listamanna til að kynna list sína

Gera nemendum kleift að njóta lista, örva sköpun og gagnrýna hugsun

- Hafa sýnilega list af fjölbreyttu tagi eftir þekkta sem óþekkt listamenn og nemendur í húsnæði skólans og á skólalóð
- Standa fyrir ferðum á lista- og menningarsöfn innanlands sem erlendis
- Skólinn kaupir a.m.k. eitt listaverk á ári
- Efla hæfni nemenda til að gagnrýna listaverk og listiðkun af fjölbreyttu tagi

Stuðla að virkri stafrænni þátttöku og sköpun nemenda

- Nemendur miðli verkum sínum á netinu
- Nemendur hafi samstarf og samvinnu um netið

Leggja áherslu á upplýsinga- og miðlalæsi

STEFNUSKJAL

Menningarstefna Menntaskólans á Tröllaskaga

- Námsáfangi í upplýsingatækni sé kjarnagrein á öllum námsbrautum þar sem meðal annars er lögð áhersla á miðlalæsi

Heimildir:

Alþingi. (2013). Þingsályktun um menningarstefnu. Sótt 6. mars 2017 af <http://www.althingi.is/altext/141/s/1149.html>

Endurskoðað: 31. janúar 2023